# Breytingatillaga við ályktun um frestun útboða í vegaframkvæmdum á árinu 2024

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024 lýsir miklum vonbrigðum um frestun útboða á árinu 2024, verkefni sem eru á framkvæmdaáætlun samgönguáætlunar og ítrekuð loforð innviðaráðherra um samhangandi framkvæmdir á Dynjandisheiði og Gufudalssveit.

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á innviðaráðherra og Alþingi setja í forgang eftirfarandi verkefni

• Tryggt verði fjármagn til nýframkvæmda til að ljúka við næstasíðasta áfanga í vegagerð um Dynjandisheiði og verkefninu verði lokið á árinu 2025.

• Tryggt verði fjármagn til nýframkvæmda til að hefja útboð á þverun Gufufjarðar og Djúpafjarðar á árinu 2025 og miðað við að verkefninu sé lokið 2026.

• Tryggt verði fjármagn til endurbóta og nýframkvæmda á Strandavegi norður í Árneshrepp, minnt er hér á fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í sveitarfélaginu.

- Tryggt verði fjármagn til í vegaframkvæmda í samræmi við framkvæmdaráætlun um Vestursvæði 2029-2033 um Bíldudalsveg niður Trostansfjörðum og að sú framkvæmd verði í beinu framhaldi af næsta áfanga um Dynjandisheiði og jafnframt lokaáfangi verksins.

Flutningsmaður: Tryggvi Bjarnason